

kveikja í bifreiðinni með þeim hætti, sem hann hefir lýst.

5. Afla ber upplýsinga um heilsufar ákærða 17. sept. 1929 og næstu daga fyrir og eftir þann dag.

Að öðru leyti ber rannsóknardómaranum að útvega þær frekari skýrslur og upplýsingar, er rannsóknin kann að gefa tilefni til að aflað sé.

Því úrskurðast:

Framangreindar skýrslur og upplýsingar ber að útvega svo fljótt sem unnt er.

Mánudaginn 3. nóv. 1930.

Nr. 37/1930. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)
gegn

Niels Peter Johannessen (Lárus Fjeldsted).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 10. apríl 1930: Kærður, Niels Peter Johannessen, greiði 12500 króna sekt til Landhelgisjóðs Íslands og komi 6 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir í b/v H. 379, »Myna« frá Hull, sé upptækt og renni andvirði í sama sjód og sektin.

Loks greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dómnum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Svo sem nánar segir í hinum áfrýjaða lögregluréttardómi, staðnæmdist varðskipið »Ægir« hjá skipi

kærða vestur af Reykjanesi þ. 8. apríl þ. á. kl. 7,04 árdegis, og var kærði þá, samkvæmt mælingum varðsupsins, 1,5 sjómílu innan við landhelgislinuna og hafði botnvörpu í sjó.

Hefir kærði einnig kannast við, að hafa þá verið að veiðum í landhelgi. Er það því sannað, að kærði hefir gjörzt brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920, og með því að fallast má á ákvæði lögregluréttardómsins um reifingu, upptekt afla og veiðaríæra og um málskostnað, þá ber að staðfesta dóminn, þó þannig, að kærða veitist mánaðarfrestur til greiðslu sektarinnar, er telst frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardóminum skal óraskað, þó þannig, að sektin greiðist innan mánaðar frá birtingu dóms þessa að telja.

Kærði, Niels Peter Johannessen, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Lárusar Fjeldsted, 80 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Niels Peter Johannessen, skipstjóra á b/v H. 379, »Myna« frá Hull, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 5, frá 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Þriðjudaginn 8. apríl 1930 var varðskipið »Ægir« á leið norður með Reykjanesi. Um kl. 6,50 árd. var skipið, samkvæmt leiðarreikningi, um landhelgislinuna; sáust þá tveir togarar nokkru norðar og grynna. Var þegar haldið til þeirra.

Stýrð stefna á dýpri togarann m/v NA. t. A.

Kl. 6,55 var stöðvunarmerki dregið upp, og samtímis skotið lausu skoti, og enn kl. 6,59.

Kl. 7,01 var skotið kúlu framan við togarann G. Y. 1017, »Kastoria« frá Grimsby og bauja látni út.

Kl. 7,03 skotið lausu skoti. Kl. 7,04 komið að togaranum H. 379, »Myna« frá Hull, sem var þá með Bb.vörpu úti og mikinn kola á þilfari.

Kl. 7,09 var látni út bauja hjá togaranum og dýpið mælt 67 metrar. Vörður var sendur um borð í togarann.

Kl. 7,13 var enn gjörð eftirfarandi staðarákvörðun:

Stafnesviti

110° 30'

Brúnin á Hafnarbergi

11° 15'

Karlsklettur.

Gefur það stað hennar 1,5 sm. innan landhelgislinunnar; var þá haldið að baujunni, sem látni var út hjá G. Y. 1017, en eftir það haldið að öðrum togara.

Kl. 11,55 árd. var aftur komið að baujunni, sem látni var út hjá togaranum H. 379, og þá gjörð eftirfarandi staðarákvörðun við hana:

Stafnesviti

^

Keilir 48° 06'

^

69° 08'

Reykjanesviti

Dýpi mælt 73 metrar.

Sýnir það stað baujunnar á sama stað og athugunina, sem gjörð var við hana kl. 7,13 árd.

Kærður hefir haldið því fram við skipherrann á varðskipinu »Ægir« og staðfest þá skýrslu síðan hér í réttinum, að hann hafi komið á áðurgreindan stað kvöldið áður og byrjað þá að fiska þar við ljósbauju, sem þar hafi verið, en ekki getað tekið miðanir við hana vegna dimmviðris, en hann hafi mælt dýpið við hana og hafi það verið 45 faðmar, og því haldið, að hún væri fyrir utan landhelgi.

Hann segist hafa látið út vörpuna utan við baujuna um einni kl.stund áður en varðskipið kom að honum; hann hafi svo fogað inn fyrir hana og haldið í NNA.-læga stefnu, þegar varðskipið byrjaði að skjóta.

Kærður hefir ekki mótmælt mælingum varðskipsins, en segist sjálfur hafa tekið miðanir við baujuna, sem varðskipið setti út, og hafi þær verið: Reykjanesviti í m/v S.¹/₂V. og Stafnesviti í m/v A.³/₄N., og hafi hann sett þann stað út í sitt kort, sem sé í smáum mælikvarða, og hafi hann þá fengið stað skipsins utar en mælingar varðskipsins sýni eða rétt innan við línu.

Kærður hefir sjálfur sett stað baujunnar út í stærra kort í réttinum, samkv. þessum miðunum sínum, og þá fengið staðinn 0,4 sm. innan landhelgislinunnar.

Kærður hefir því játað, að hann hafi verið að veiðum innan landhelgislinunnar, og kemur sú játning heim við mælingar hans sjálfs og varðskipsins. Það verður því talið fullsannað, að kærður hafi verið að veiðum með botnvörpu í islenzkri landhelgi, þegar varðskipið kom að honum kl. 7,04 hinn 8. þ. m.

Kærður, sem ekki hefir áður sætt refsingu fyrir brot á landhelgislöggjöfinni, hefir með þessu framferði brotið gegn ákvæðum 1. gr. laga nr. 5. frá 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi, og þykir hegning sú, er hann hefir tilunnið fyrir það, eftir 3. gr. laganna, sbr. og 1. gr. laga nr. 4, frá 1924, hæfilega ákveðin 12500 króna sekt til Landhelgis-sjóðs Íslands, með tilliti til þess, að gengi islenzkrar krónu er nú í dag þannig, samkv. upplýsingum frá Landsbanka Íslands, að hún jafngildir 81,99 aurum gulls, og komi í stað sektarinnar 6 mánaða einfalt fangelsi, ef hún verður ekki greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir í b/v H. 379 »Myna« frá Hull, sé upptækt og renni andvirði í sama sjóð og sektin.

Loks greiði kærður af máli þessu allan löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.